

Mál nr. 69/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Sönnun atburðar og afleiðinga í tengslum við umferðaróhapp 4. júní 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 4. maí 2015.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið ökumaður bifreiðar sem ók austur eftir Akrafjallsvegi og við gatnamót á veginum hafi M ætlað að taka vinstri beygju til norðurs inn á Akranesveg. Rétt áður en M hafi ætlað að beygja hafi hún séð til bifreiðarinnar X koma á mikilli ferð á eftir sér og kveðst M hafa hellað til að koma í veg fyrir árekstur og þá séð bifreiðina X aka á umferðarskilti og yfir umferðareyju áður en sú bifreið lenti utan vegar. Ökumaður bifreiðar X kveðst hafa verið að aka á vinstri akrein Akrafjalls vegar þegar M hafi, sem ökumaður bifreiðar sem var fyrir framan hann, beygt áleiðis til vinstri í veg fyrir hann. Þá kveðst ökumaður bifreiðar X hafa ekið lengra til vinstri til að forðast árekstur og endað utan vegar.

M heldur því fram í málskoti að þegar bifreiðin X fór framhjá hennar bifreið hafi orðið snerting með bifreiðunum með þeim afleiðingum að M hafi ekið bifreið sinni út af veginum og við það hlotið líkamstjón. M hafi hins vegar ekið bifreið sinni aftur upp á veg áður en lögregla kom og því hafi þær upplýsingar ekki komið fram í lögregluskýrslu. M vísar til þess að hún hafi leitað til læknis eftir atvikið og í læknisvottorði dags. 10. júní 2013 komi fram að hún hafi fengið hnykk á háls við útafaksturinn. M telur að hún eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X þar sem tjón hennar sé rakið til aksturslags ökumanns þeirrar bifreiðar sem hafi ætlað að taka framúr við gatnamót og hafi með því ekið utan í bifreið M sem hafi við það ekið út af.

V telur ósannað að það hafi orðið snerting með bifreiðunum og vísar til þess að ekkert komi fram í lögregluskýrslu um það auk þess sem ekkert komi heldur fram um útafakstur bifreiðar M í þeirri skýrslu. Ekki hafi heldur komið fram nokkrar upplýsingar um mögulegt líkamstjón M í lögregluskýrslu. Gögn málsins sýni heldur ekki ummerki á bifreiðunum sem sýni að þær hafi lent saman eða önnur ummerki á vettvangi óhappsins sem bendi til þess að bifreið M hafi lent utan vegar eins og bifreiðin X. V telur með hliðsjón af þessu að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið er til notkunar bifreiðarinnar X.

Álit.

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna notkunar bifreiðar, í skilningi 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, beri sönnunarbyrði um það. Þegar litið er til gagna málsins, sérstaklega lögregluskýrslu, er ljóst að engar upplýsingar eru þar um að snerting hafi orðið með bifreið M og bifreiðinni X þann 4. júní 2013. Ljóst er af skýrslunni að bifreiðinni X var ekið út af vegi en alls óljóst er að bifreið M hafi einnig lent utan vegar. Engar upplýsingar liggja heldur fyrir um ummerki á bifreiðunum eða á vettvangi um slíka atburðarás. Ummæli, sem höfð eru eftir M, um snertingu bifreiðanna, útafakstur hennar bifreiðar og líkamstjón í kjölfar þess, hafa því enga stoð í frumgögnum málsins. Einnig verður að líta til þess að upplýsingar í læknisvottorði lýsa almennum einkennum. Getur þetta, án frekari sönnunargagna, ekki orðið grundvöllur bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og hefur M ekki fullnægt sönnunarbyrði sinni um að hún hafi við umræddar aðstæður orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar bifreiðarinnar X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.